

Til 43. ársþings Blaksambands Íslands, haldið í Reykjavík 16. maí 2015.

Flutningsmaður tillögu: Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ

Reglugerð um búninga í blaki (ný reglugerð)

1. grein

Búningar lið skulu vera sömu tegundar í sama lit nema búningur frelsingja liðsins, hann skal vera í öðrum lit sem svipar ekki til aðallitsins. Leikmenn liðsins skulu allir vera í eins búningum sömu tegundar, þ.m.t. stuttbuxur. Grein þessi gildir um allar deildir og alla flokka í blaki, þ.m.t. yngri flokka.

2. grein

Merkingar búninga skulu vera mjög sýnilegar og í öðrum lit en búningurinn sjálfur. Búningar eru merktir með númeri frá 1-20 á miðju brjósti og á baki.

Stærðir

Þykkt númers skal vera 2 cm.

Stærð á miðju brjósti: Hæð að lágmarki 15 cm

Stærð á miðju baki: Hæð að lágmarki 20 cm

Númer fyrirliða liðs skal auðkennt með striki undir númeri að framan.

Merki félagsins skal vera á vinstra brjósti að framan að lágmarki 36 cm²

Stuttbuxur skulu merktar með númeri á hægri skálm: hæð að lágmarki 4-6 cm

Stærðir byggðar á reglum Alþjóðablaksambandsins (FIVB)

3. grein

Keppnislið í Úrvalsdeild skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.

Útliði er heimilt að nota aðalkeppnisbúning sinn nema í þeim tilfellum þegar keppnisbúningur heimaliðs er í sama eða svipuðum lit.

Lið í deildakeppni neðar en Úrvalsdeild nægir að eiga 1 sett af búningum en þó skv. 1. og 2. grein.

Greinargerð

Ekki eru til reglur um búninga í blaki á Íslandi og hefur því verið notast við búningareglur FIVB. Í þessum reglum er það skýrt hvernig búningar skulu merktir fyrst og fremst.

Markmiðið með að setja þessar reglur á fyrir öll lið í öllum deildum og öllum flokkum, þ.m.t. yngri flokkum er að tryggja samræmt útlit keppnisbúninga og að auðveldara verði að átta sig á því hvaða lið eru að keppa hverju sinni.

Sævar Már Guðmundsson